

Fjölskylduráð Norðurþings

Helena Eydís Ingólfssdóttir formaður
Jón Höskuldsson fræðslufulltrúi

Öxarfjarðarskóla 3.janúar 2024

Efni: Sparkvöllur við Öxarfjarðarskóla

Fyrir um tveimur árum síðan, fékk Öxarfjarðarskóli til eignar gamlan sparkvöll sem áður hafði verið á Húsavík. Til stóð nýta hann á skólalóðinni og fá foreldra til að koma honum upp með sem minnstum kostnaði og þá gjafaframlagi. Engin þekking er þó til staðar innan foreldrahópsins á svona uppsetningu og ljóst má vera að þörf fyrir utanaðkomandi þekkingu og verkstjórn er nauðsynleg. Einnig þarf að endurskoða einingarnar (rekkverkið) sem gefnar voru því þær eru barn síns tíma.

Stjórn foreldrafélagsins barst styrkvilyrði frá Ungmennafélaginu Leifi heppna (félag sem reyndar hefur verið aflagt) en ungmennafélagið á nokkra fjármuni sem það vill leggja til samfélagsins. Styrkloforðið, 5 milljónir, er háð þeim skilyrðum að Norðurþing sjái til þess að vilyrði sé komið fyrir framkvæmdinni frá hendi sveitarfélagsins fyrir 1.maí 2024 (sjá nánar í fylgiskjali)

Haft var samband við KSÍ til að fá hugmynd að kostnaði við uppsetningu sparkvallar og má sjá svör og sundurliðun frá þeim hér:

Frágangur og fyrirkomulag sparkvallarins miðast við lýsingu sem gefin er í bæklingi KSÍ frá árinu 2004. Að öðru leyti er miðað við eftirfarandi forsendur:

- Gert er ráð fyrir að skipt verði um jarðveg 0,90 m að dýpt. Ekki er reiknað með að fjarlægja þurfi klöpp.
- Gert er ráð fyrir 1,2 m breiðri hellulögn umhverfis völinn með niðurföllum.
- Ofanvatnslagnir og drenlagnir verða lagðar í völinn.
- Gert er ráð fyrir að hitakerfi verði sett í völinn. Ekki er reiknað með heimtaugargjaldi
- Lýsing miðast við 4 staura með LED lömpum.

Lausleg áætlun um kostnað var svohljóðandi miðað við byggingarvístölu í júlí 2023.

Verkþáttur	Kostnaður [Mkr.]
Aðstaða og jarðvinna	14
Burðarvirki	3
Lagnir	26
Rafkerfi	18
Frágangur yfirborðs og umhverfis	18
Samtals	79
Hönnun umsjón og eftirlit	8
ALLS	87

Inn í kostnaðarliðum er reiknað með ófyrirséðum kostnaði.

Eins og áður hefur komið fram í erindi til fjölskylduráðs, þarf nauðsynlega að koma upp afþreyingu fyrir eldri nemendur á lóð skólans en þar er einungis róluvöllur og úr sér genginn körfuboltavöllur. Sparkvöllurinn myndi reyndar nýtast öllum nemendum leik- og grunnskóladeilda Öxarfjarðarskóla allan ársins hring ef hann yrði þannig úr garði gerður að vera bæði upplýstur og upphitaður.

Skólastjóri og stjórn foreldrafélags Öxarfjarðarskóla skora á fjölskylduráð að beita sér fyrir því að sparkvelli verði komið upp við skólann hið fyrsta og nýti þar með 5.000.000 styrkvilyrði frá Ungmennafélaginu Leifi heppna inn í þá framkvæmd.

Með kveðju og von um jákvæða afgreiðslu,

Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri Öxarfjarðarskóla,
Margrét Hjálmarsdóttir formaður foreldrafélags Öxarfjarðarskóla
Einar Ófeigur Björnsson stjórnarmaður foreldrafélags Öxarfjarðarskóla
Berglind Ýr Ingvarsdóttir stjórnarmaður foreldrafélags Öxarfjarðarskóla
Eyrún Ösp Skúladóttir stjórnarmaður foreldrafélags Öxarfjarðarskóla

Afrit sent sveitarstjóra Norðurþings, Katrínu Sigurjónsdóttur